

Alþingi
Erindi nr. P 138/1156
komudagur 8.3.2010

Samtök eigenda sjávarjarða.
Pósthólf 90,
780 Hornafirði.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis.

5. mars 2010.

Vísað er í tölvupóst frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis 22. febrúar 2010 þar sem beðið er um umsagnir Samtaka eigenda sjávarjarða (SES) í eftirfarandi málum:

Tillaga til þingsályktunar **um yfirlýsingu um fyrningu aflaheimilda, 8. mál**
<http://www.althingi.is/altext/138/s/0008.html>

Stjórn fiskveiða (aflaráðgefandi nefnd), 305. mál
<http://www.althingi.is/altext/138/s/0352.html>

X **Stjórn fiskveiða (vísindaveiðar), 359. mál**
<http://www.althingi.is/altext/138/s/0652.html>

Stjórn fiskveiða (strandveiðar), 370. mál
<http://www.althingi.is/altext/138/s/0667.html>

Veiðieftirlitsgjald (strandveiðigjald), 371. mál
<http://www.althingi.is/altext/138/s/0668.html>

Stjórn SES gefur eftirfarandi umsagnir og óskað er eftir að tillit verði tekið til þeirra við löggjöf: 8. mál:

Stjórn SES telur rétt að fyrirhuguð fyrning (innköllun) aflaheimilda eigi að fara fram og að þeim verði endurúthlutað. Í því sambandi taki löggjafarvaldið tillit til lögvarinna hagsmuna eigenda sjávarjarða í auðlindinni sem lagafyrirmæli eru um í íslenskum lögum frá Alþingi. Eins er vísað í álit Mannréttindadómstóls Evrópu 2. desember 2008 þar sem lögformlega stofnuð eign sjávarjarða í sjávarauðlindinni er viðurkennd í samræmi við eignarréttarákvæði 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmálans.

305. mál:

Stjórn SES telur að tillit beri að taka til lögvarinna hagsmuna eigenda sjávarjarða og að þeir verði hafðir með í ráðum þegar ákveðið verður með reglugerð sá heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

X 359. mál:

Stjórn SES lítur svo á að nýta eigi reynslu og þekkingu eigenda sjávarjarða og taka mið af þeirra reynslu og þekkingu en ekki aðeins reynslu og þekkingu sjómanna. Eins lítur stjórnin svo á að til að tryggja sem breiðastan þekkingargrunn fyrir stjórnvöld og Hafrannsóknarstofnun að vinna með má gera ráð fyrir því að yfirumsjón slíkra veiða verði á höndum sjálfstæðra vísindastofnana, hérlandra eða erlendra, sem ýmist starfa sjálfstætt eða í samvinnu við Hafrannsóknarstofnun, útvegsmenn og ekki síst eigendur sjávarjarða sem meðeigenda í sjávarauðlindinni.

370. mál:

Stjórn SES álitur að eigendur sjávarjarða, sem löglegir hlutaðeigendur í sjávarauðlindinni, verði hafðir með í ráðum þegar löggjafarsamkoman ráðstafar 6.000 lestum af óslægðum botnfiski sem nýttar skulu til veiða með handfærum á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Alþingi gæti að því í löggjöf að eigendum sjávarjarða verði úthlutað til ráðstöfunar hluta af þessu magni í samræmi við eignarhlutdeild sína í auðlindinni.

371. mál:

Stjórn SES álitur að bera eigi leyfi til strandveiða undir eigendur sjávarjarða (strandjarða) og að greiða skuli eigendum sjávarjarða, sem löglegum hlutaðeigendum í sjávarauðlindinni, fyrir leyfi til strandveiða.

Virðingarfyllst,

Ómar Antonsson, formaður SES

Meðfylgjandi gögn sem skýra m.a. eignarréttarlega stöðu:

1. Auglýsing SES, dags. 3. október 2003.
2. Hugmyndir stjórnar SES um framtíðar fiskveiðistjórnunarkerfi, sem lagðar voru fram af fulltrúa SES á fundi starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða 19. febrúar 2010.
3. Skrifstofa Alþingis-nefndarsvið, sjávarútvegsnefnd, bréf frá SES, dags. 11. júní 2009.
4. Sjávarútvegsráðherra, bréf frá lögfræðistofunni Réttur, dags. 23. október 2009.

Auglýsing

um einkaeign á hafsvæðinu í netlögum og að sjávarjörðum fylgir eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni í heild

Með vísan til meginreglna íslensks réttar um réttaráhrif friðlýsinga og lögfestna, sbr. m.a. 16. og 17. kap. landleigubálks Jónsbókar, og með vísan til samkvæmrar dómiðkunar frá ómunatið og neðangreindra tilvitnana í sett lög, þá **kunngjörist hér með og tilkynnist:**

- Eigendur sjávarjarða eiga eignarréttarlega hlutdeild í sjávarauðlindinni og beinan eignarrétt að fiskveiði í netlögum sem er varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar.
- Eigendur sjávarjarða eiga ítaksrétt til veiða í fiskhelgi utan netlaga og á hefðbundnum miðum, sem jafna má til afréttarréttinda og er því eignarréttarlegs eðlis og varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar.
- Útræði/heimræði og útræðisréttur, er einnig varinn af 75. gr. stjórnarskrár, enda jafnframt atvinnuréttarlegs eðlis.
- Sjórin og sjávarbotninn í netlögum er víða mikilvæg uppeldisstöð og þar er oft mikil fiskgengd. Lífríkið og sjórin innan og utan netlaga er ein hreyfanleg og óskipt heild. Þetta staðfestir séreignarhlutdeild sjávarjarða í sameign íslensku þjóðarinnar sem nefnd er í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Sjávarjarðir á Íslandi eiga og hafa frá ómunatið átt hlutdeild í sjávarauðlindinni. Eignarhlutdeild þessi byggist í fyrsta lagi á netlögum, sem er ákveðið svæði í einkaeign í sjó út af landi (samanber meðal annars 3. kapitula rekabálks Jónsbókar frá 1281, 3. gr. tilskípunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, 1. gr. laga nr. 39/1914 um beitutekju, 4. og 5. gr. vatnalaga nr. 15/1923, 14., 72., 77., og 96. gr. laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði, 1. og 2. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, 1. gr. laga nr. 64/1994 um fuglaveiðar, 1. og 2. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og 1. gr. laga nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis). Í öðru lagi eiga sjávarjarðir fornan atvinnurétt, svokallað útræði/heimræði, sem metið hefur verið í fasteignamati og einnig hvalveiðiréttindi.

Fiskveiðilandhelgi Íslands, sem miðast út frá landi, víðast út frá landi sem er í einkaeign, nær einnig yfir netlög og er því þessi séreignarréttur hluti af landhelginni, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi Íslands. Hafið og lífríkið í netlögum, ásamt öllum gögnum og gæðum, fylgir sjávarjörðum og er eign eigenda sjávarjarða. Einn frjósamasti hluti hafsins er í netlögum og er lífríkið ásamt sjónum sjálfum á hreyfingu milli netlaga í einkaeign og ytra svæðis þar sem ríkið fer með umráð. Auðlindin er því óskipt sameign.

Vísað er til þess, að með lögum um stjórn fiskveiða hefur eigendum sjávarjarða verið einhliða meinað að nýta þessa eign sína, án þess að fullt verð hafi komið fyrir, samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar og án þess að friðunarástæður eða önnur haldbær lagarök fyrir takmörkun eignarréttinda séu fyrir hendi.

Reykjavík, 3. október 2003.

Samtök eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður

**Samtök eigenda sjávarjarða.
Pósthólf 90,
780 Hornafirði.**

Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið,
Sjávarútvegsnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 11. júní 2009.

Málefni: Athugasemdir Samtaka eigenda sjávarjarða við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009).

Ég undirritaður, formaður Samtaka eigenda sjávarjarða, vísa í samtal mitt við Gaut Sturluson, lögfræðing nefndarsviðs og tölvupóst hans 9. júní 2009.

Formáli:

Hinn 5. júlí 2001 voru Samtök eigenda sjávarjarða stofnuð á fundi sem haldinn var í Reykjavík. Félagar í SES eru um 400. Jarðir með skráðan útræðisrétt eru rúmlega 1.000. Heildarfjöldi jarða sem eiga land að sjó eru taldar vera 2.240.

Markmið Samtakanna er eftirfarandi:

- Að fá útræðisrétt sjávarjarða virtan á ný og staðfestan í lögum um stjórn fiskveiða.
- Að vinna að því að eignarréttindi sjávarjarða innan netlaga, sem og tiltöluleg eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni í heild, verði virt og í heiðri höfð.

Frá því að Samtökin voru stofnuð hafa ofangreind markmið ítrekað verið kynnt á opinberum vettvangi.

Nú liggur fyrir að stefnumál Samtakanna hafa ekki fengið framgang við hefðbundna umræðu við lagasetningu á Alþingi þegar lög um stjórn fiskveiða hafa verið endurskoðuð.

Í nýlegu álit Mannréttindadómstóls Evrópu, í máli grásleppubónda, kemur eftirfarandi fram: *“Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi myndað “eign” í skilningi I. gr. samningsviðauka I”* (undirstrikun bréfitara). Refsimál þetta er sérmál grásleppubóndans en er ekki mál sjávarjarða í heild.

Hluti auðlindarinnar, svo nefnd netlög eru í einkaeign, samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu. Sjór, dýralíf og plöntulíf er á ferð milli netlaga og ytra svæðis og er því sjávarauðlindin óskipt og á flakki. Eigendur sjávarjarða eru meðeigendur að sjávarauðlindinni og eigendur eins mikilvægasta hluta hennar, þ.e. grunnsævisins næst landi.

Samtök eigenda sjávarjarða eru fjölmenn hagsmunasamtök um sjávarauðlindina, auk þess sem stefnumál þeirra er stærsta og umfangsmesta byggða- og réttlætismál síðari tíma.

Samtökin eru með heimasíðu. Slóðin er: www.ses.is

Athugasemdir við frumvarpið:

Samkvæmt skilgreiningu í Lögbókin þín eftir Björn Þ. Guðmundsson, prófessor í lögum, þá eru netlög eftirfarandi: "Netlög nefnist ákveðið beltí meðfram landi í sjó og vötnum sem tiltekin eignarréttindi eru bundin við. Netlög eru talin falla undir eignarrétt eiganda → *landareignar*". Ennfremur er vísað í meðfylgjandi auglýsingu frá 3. október 2003.

Misjafnt er hvernig þetta beltí í sjó er skilgreint. Annars vegar er um að ræða netlög 115 metra út frá stjórnstraumsfjöruborði þar sem aðdjúpt er og hins vegar netlög út á dýpi 20 möskva selnótar eða út á 7,45 metra dýpi út frá stórstraumsfjöruborði þar sem grunnsævi er meira (skýringar Páls Vídalín, lögmanns 1667-1727).

Eins og kemur fram í formála, þá er sjórinn, dýralíf og plöntulíf á ferð milli netlaga og ytra svæðis. Engin bein skil eru á milli þessara svæða. Sjávarauðlindin er því óskipt sameign. Í því sambandi mætti vísa í svonefnda deilistofna, flökkustofna, sem eru á ferð milli svæða og semja þarf um.

Tveir sjávarlíffræðingar við Háskóla Íslands og Hafrannsóknarstofnun segja eftirfarandi í grein sinni í Morgunblaðinu 13. apríl 2008: "*Grunnsævið gulls ígildi. Færa má rök fyrir því að grunnu hafsvæðin við Ísland séu ein mikilvægasta auðlind þjóðarinnar. Þar er vagga fjölmargra nytjastofna og þaðan streyma nýliðarnir út á miðin. Meðal annars hafa réttindi sjávarjarða verið í umræðunni*". Svo segir: "*Grunnsævið í kringum Ísland (grynnra en 50 m) gegnir veigamiklu hlutverki sem uppeldisslóð fyrir okkar helstu nytjafiska*". Fleiri vísindamenn taka í sama streng svo sem dr. Veerle Vanderweeld, framkvæmdastjóri alheimsáætlunar um varnir gegn mengun hafsins frá landi, en hún segir í viðtali í Morgunblaðinu 27. október 2000: "*Skilgreind strandsvæði eru einnig hýbýli 90% fiska og skeldýra*". Vísað er í viðtal við dr. Kenneth Sherman, forstjóra Narragansett hafrannsóknarstofnunarinnar á Rhode Island í Fréttablaðinu 31. janúar 2002 en hann segir m.a.: "*Vistkerfi óháð landamærum og efnahagslögsögu. Hann vísar í strandsvæði, frá árkerfum að landgrunnsörkum og ytri örkum helstu straumkerfa. Tvö eða fleiri samliggjandi lönd deila oft eina og sama vistkerfinu*". Höfðað er til hlutdeildar í deilistofnum. Vísað er í viðtal í Morgunblaðinu 4. júlí 2005 við dr. Kathy Sullivan, geimfara og könnuð í Explorers Club, en hún segir: "*Strandsvæðin skipta miklu máli fyrir fiskveiðar og eru mikilvægar fiskuppeldisstöðvar. Umhverfisgæði almennt taka mið af ástandi strandsvæðanna sem eru lungu og lifur jarðarinnar*". Að lokum ber að nefna í þessu sambandi tvo þætti dr. David Attenboroughs "*Hafið bláa hafið*" en þeir voru sýndir í íslenska sjónvarpinu 16. og 23. nóvember 2003. Þættir 7 og 8 fjalla um strandsvæði sem má segja að hér á landi séu oft nefnd netlög. Þættirnir skýra vel hversu mikilvæg netlögin eru. Hversu fjölskrúðugt dýra- og plöntulíf er á strandsvæðunum og hvað það er mikilvægt fyrir lífið utar í hafinu.

Landhelgi er skilgreind út frá landi og eru því netlög í landhelgi Íslands og innan auðlindalögsögunnar.

Nú er ljóst að mannréttindadómstóll Evrópu lítur svo á að netlög séu eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Alþingi getur því ekki lengur hundsáð þennan eignarrétt og ber að virða hann.

Alþingi hefur ekki umboð eða heimildir til að ráðstafa þessum eignarrétti sjávarjarða. Alþingi ber að fara að lögum sem það hefur sjálft sett svo sem eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og fleiri lögum um netlög.

Lagt hefur verið fram frumvarp sem nefnt hefur verið frumvarp um strandveiðar. Sjávarströndin og netlögin þar fram undan er víða í einkaeign. Það er álit eigenda sjávarjarða að Alþingi geti ekki sett

lög um stjórn fiskveiða er varðar strandveiðar og ráðstöfun á auðlindinni án þess að meðeigendur að henni séu hafðir með í ráðum. Annað væri fádæma yfirgangur og sæmir ekki Alþingi.

Það er krafa eigenda sjávarjarða, sem meðeigenda að óskiptri sjávarauðlindinni, að þeir verði hafðir með í ráðum með lagasetningu er tengist sjávarauðlindinni og sérstaklega þegar um er að ræða lagasetningu sem tengist strandsvæðum.

Óskað er eftir fundi með sjávarútvegsnefnd Alþingis um þessi mál sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,
Samtök eigenda sjávarjarða.

Ómar Antonsson, formaður.

Meðfylgjandi er til upplýsinga:

1. Auglýsing, dags. 3. október 2003 er skilgreinir rétt og eign sjávarjarða í auðlindinni samkvæmt íslenskum lögum.
2. Bréf, dags. 7. nóvember 2002 til Dr. Franz Fischlers, ráðherra Evrópusambandsins.

Hugmyndir stjórnar Samtaka eigenda sjávarjarða (SES) um framtíðar fiskveiðistjórnunarkerfi:

Vísað er í 9. mgr. 3. liðar fundargerðar 6. fundar 5. febrúar 2010 um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Formáli:

- Eigendur sjávarjarða eiga eignarréttarlega hlutdeild í sjávarauðlindinni og beinan eignarrétt að fiskveiði í netlögum samkvæmt lögum og sem er varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Eins er vísað í álit Mannréttindadómstóls Evrópu, dags. 2. desember 2008 þar sem lögformlegur eignarréttur sjávarjarða er viðurkenndur í samræmi við eignarréttarákvæði 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmálans.
- Eigendur sjávarjarða eiga ítaksrétt til veiða í fiskhelgi utan netlaga og á hefðbundnum miðum, sem jafna má til afréttarréttinda og er því eignarréttarlegs eðlis og varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt skýrslu stjórnvalda eiga nokkrar jarðir ákveðin fiskimið, sbr. t.d. skýrslu stjórnarereindrekans Ólafs Olavíusar 1776.
- Útræði/heimræði og útræðisréttur, er einnig varinn af 75. gr. stjórnarskrár, enda jafnframt atvinnuréttarlegs eðlis. Vísað er í álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna í kærumáli tveggja sjómanna gegn íslenska ríkinu þar sem 12 nefndarmann (af 18) töldu lögin um stjórn fiskveiða brjóta í bága við 24. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi um jafnrétti allra manna. 2. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna er einnig skýr og gengur lengra heldur en 65. gr. íslensku stjórnarskrárinnar og segir að engan greinarmun megi gera vegna eigna manna. Eigendur sjávarjarða eiga lögvarin eignarréttindi í sjálfri sjávarauðlindinni og ekki aðeins atvinnuréttindi. Þeim hlýtur því einnig að vera mismunað vegna 24. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi um jafnrétti allra manna.
- Sjórin og sjávarbotninn í netlögum er víða mikilvæg uppeldisstöð og þar er oft mikil fiskgengd. Lífríkið og sjórin innan og utan netlaga er ein hreyfanleg og óskipt heild. Þetta staðfestir séreignarhlutdeild sjávarjarða í sameign íslensku þjóðarinnar sem nefnd er í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Stjórn SES og hugmyndir hennar um það hvernig hún vill sjá kerfið í framtíðinni hvað hagsmunum SES viðvíkur:

1. Eigendur sjávarjarða, sem hlutaðeigendur í sjávarauðlindinni, fái úthlutun á aflaheimildum í samræmi við eignarhlutdeild sína í sjávarauðlindinni og yrðu þær hæfar til leigu og veðsetjanlegar. Í því tilviki verði einnig tekið tillit til þess að eigendur sjávarjarða hafa verið sviptir þessum eignar- og atvinnurétti s.l. aldarfjórðung án dóms og laga. Formaður starfshópsins hefur stungið upp á að skipaður verði starfshópur til að skilgreina eignarrétt sjávarjarða. Samtök eigenda sjávarjarða eru sammála þessu og leggja til að slíkur starfshópur verði skipaður sem allra fyrst.
2. Eigendur sjávarjarða fái að öðrum kosti hlutdeild í auðlindagjaldi í samræmi við eignarhlutdeild sína í auðlindinni að því tilskyldu að auðlindagjaldið sé fullt verð fyrir eignina í samræmi við stjórnarskrána. Í því sambandi er vísað sérstaklega til þingsályktunar frá júní 1998 (465. mál, þskj. 1504. Alþingi 1997-98, 122.

löggjafarþing) um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, en þar má greina vilja löggjafans til þess hvert auðlindagjaldið skuli renna. Þar segir:

„Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.“

Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða,
19. febrúar 2010.

Sjávarútvegsráðuneytið
Hr. Jón Bjarnason, sjávarútvegsráðherra
Skúlagötu 4
150 Reykjavík.

Reykjavík, 23. október 2009.

Efni: Eignarréttur sjávarjarða og hlutdeild í veiðigjaldi (auðlindagjaldi).

I.

Til Réttar hafa leitað, Samtök eigenda sjávarjarða, pósthólf 90, 780 Hornafirði, en þau eru samtök þeirra sem eiga og/eða nýta sjávarjarðir, svo og þeirra sem eru áhugamenn um hlunnindarétt jarða. Stór hluti eigenda sjávarjarða eiga aðild að samtökunum.

Vísað er til bréfs samtakanna til sjávarútvegsráðherra 13. september 2004, en þar var farið fram á að hluti auðlindagjaldsins rynni til eigenda sjávarjarða. Sjávarútvegsráðuneytið svaraði bréfinu án alls rökstuðnings þann 21. september 2004, en um kröfur eigenda sjávarjarðar til hlutdeildar í auðlindagjaldi sagði einfaldlega:

„Með bréfi þessu vill ráðuneytið áréttta, að það hafnar þeim hugmyndum og óskum sem settar eru fram í bréfi yðar.“

II.

Samtök eigenda sjávarjarða una ekki þessu svari ráðuneytisins og krefjast þess að stjórnvöld endurskoði afstöðu sína til þessara mála ellegar rökstyðji með ítarlegum hætti hvers vegna þau telji að eigendur sjávarjarða eigi ekki rétt á hlutdeild í auðlindagjaldinu. Til stuðnings fyrrgreindum kröfum er vísað til áðurgreinds bréfs samtakanna 13. september 2004 auk eftirfarandi sjónarmiða:

Óumdeilt er að nytjastofnar þeir á Íslandsmiðum, sem lög um stjórn fiskveiða ná til, eiga uppruna sinn m.a. í netlögum sjávarjarða. Því til stuðnings er vísað til skrifra tveggja sjávarlíffræðinga við Háskóla Íslands og Hafrannsóknunarstofnun í Morgunblaðinu 13. apríl 2008:

„Grunnsævið er gulls ígildi. Færa má rök fyrir því að grunnu hafsvæðin við Ísland séu ein mikilvægasta auðlind þjóðarinnar. Þar er vagga fjölmargra nytjastofna og þaðan streyma nýliðarnir út á miðin. Meðal annars hafa réttindi sjávarjarða verið í umræðunni. [...] Grunnsævið í kringum Ísland (grynnra en 50 m) gegnir veigamiklu hlutverki sem uppeldisslóð fyrir okkar helstu nytjafiska.“

Samtök eigenda sjávarjarða vekja jafnframt athygli ráðuneytisins á því að eignarréttur eigenda sjávarjarða til netlaga nýtur verndar 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands sem og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. l. nr. 62/1994. Fjallað var um þetta atriði í álit Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Björns Guðna Guðjónssonar nr. 40169/05 gegn íslenska ríkinu en þar segir:

„Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi myndað „eign“ í skilningi 1. gr. sammingsviðauka 1.“

Að lokum vísa samtökin sérstaklega til þingsályktunar frá júní 1998 (465. mál, þskj. 1504. Alþingi 1997-98, 122. löggjafarþing) um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, en þar má greina vilja löggjafans til þess hvert auðlindagjaldið skuli renna. Þar segir:

„Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.“

III.

Með vísan til framangreinds er þess krafist að stjórnvöld endurskoði afstöðu sína til þessara mála og hefji formlegar viðræður um lausn fyrrgreinds máls eigi síðar en 6. nóvember nk. ellegar rökstyðji með ítarlegum hætti hvers vegna þau telji að eigendur sjávarjarða eigi ekki rétt á hlutdeild í auðlindagjaldinu. Berist ekki svar við bréfi þessu innan þess frests verður litið svo á að stjórnvöld hafni viðræðum við eigendur netlaga um lausn málsins og hyggist þar með halda áfram að innheimta gjald af þeim sem nýta auðlindina án tillits til löglegra réttinda eigenda sjávarjarða í nytjastofnunum og þar með rökréttri kröfu til hlutdeildar í umræddu gjaldi.

Virðingarfyllst,

Ragnar Aðalsteinsson, hrl.

Fylgiskjöl:

1. Bréf Samtaka eigenda sjávarjarða til sjávarútvegsráðuneytisins, 13. september 2004.
2. Bréf sjávarútvegsráðuneytisins til Samtaka eigenda sjávarjarða, 21. september 2004.
3. Jónas Páll Jónasson og Björn Gunnarsson: „Grunnsævið gulls ígildi?“. Birtist í Morgunblaðinu 13. apríl 2008.
4. Þingsályktun um skipan opinberrar nefndar um auðlindgjald, 465. mál, þskj. 1504. Alþingi 1997-98, 122. löggjafarþing.